

Nd.

172. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð i Ólafsvík.

Flm.: Thor Thors.

1. málsl. 3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir, vegi, byggingar og hverskonar mannvirki, er hafnarnefnd telur nauðsynleg i þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði i landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir i för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk hreppsnefndar og hafnarnefndar Ólafsvíkur. Telur hafnarnefnd, að hana skorti nægilega heimild til eignarnáms, er hún telur nauðsynlegt vegna hafnargerðarinnar. Í frv. er heimildin rýmkuð.